



Eftirlit með rafhlöðum og rafgeymum, raf- og rafeindatækjaúrgangi

Samantekt og niðurstöður eftirlits ársins 2021

Ásamt niðurstöðum úr söfnunarátaki

1. Inngangur

Eftirlit þetta byggir á lögum um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003, reglugerð nr. 1020/2011 um rafhlöður og rafgeyma og reglugerð nr. 1061/2018 um raf- og rafeindatækjaúrgang. Markmið eftirlitsins er að hækka söfnunarhlutfall þessa úrgangs, fylgja eftir banni og takmörkunum á tilteknum efnum í rafhlöðum og rafgeymum og sjá til þess að upplýsingagjöf fyrirtækja til viðskiptavina sé fullnægjandi.

Samkvæmt 4.gr. reglugerðar nr. 1020/2011 um rafhlöður og rafgeyma og 16.gr. reglugerðar nr. 1061/2018 um raf- og rafeindatækjaúrgang er Umhverfisstofnun ábyrg fyrir eftirliti með framleiðendum, innflytjendum og sölu- og dreifingaraðilum. Eftirlitið skal framkvæmt í samræmi við eftirlitsáætlun sem stofnunin setur fram til þriggja ára í senn. Eftirfarandi er samantekt á eftirlitsþáttum sem stofnunin sinnir og tilvísun í viðeigandi reglugerðarákvæði:

Eftirlitsþáttur	Reglugerðarákvæði
Framleiðendur og innflytjendur rafhlaðna og rafgeyma:	
<ul style="list-style-type: none">Veiti kaupendum upplýsingar um flokkun, meðhöndlun og efnainnihald vara sinnaSéu skráðir í skráningarkerfi fyrir framleiðendur og innflytjendurSelji einungis vörur merktar tunnummerkiFari eftir takmörkunum á efnainnihaldi skv. reglugerð	<ul style="list-style-type: none">7. gr. reglugerðar nr. 1020/201110. gr. reglugerðar nr. 1020/201111. gr. reglugerðar nr. 1020/20115. gr. reglugerðar nr. 1020/2011
Sölu- og dreifingaraðilar rafhlaðna og rafgeyma:	
<ul style="list-style-type: none">Taki á móti notuðum rafhlöðum og rafgeymumFari eftir takmörkunum á efnainnihaldi skv. reglugerð	<ul style="list-style-type: none">8. gr. reglugerðar nr. 1020/201111. gr. reglugerðar nr. 1020/2011
Framleiðendur og innflytjendur raf- og rafeindatækja:	
<ul style="list-style-type: none">Séu skráðir í skráningarkerfi fyrir framleiðendur og innflytjendurVeiti kaupendum upplýsingar um flokkun og meðhöndlun þessara varaTryggi að varan beri tunnummerki	<ul style="list-style-type: none">14. gr. reglugerðar nr. 1061/20184. gr. reglugerðar nr. 1061/20184. gr. reglugerðar nr. 1061/2018

Auk þessa ber Umhverfisstofnun að hafa eftirlit með því að aðrir aðilar sem hafa eftirlitshlutverk samkvæmt ofangreindum reglugerðum sinni skilgreindu hlutverki sínu, m.a. heilbrigðisnefndir og Úrvinnslusjóður.

Tilgangur þessarar skýrslu er að upplýsa um framgang og niðurstöður eftirlits ársins 2021, sem og niðurstöður söfnunarátaks sem Umhverfisstofnun og Úrvinnslusjóður stóðu fyrir.


2. Framkvæmd eftirlits

Í eftirliti ársins 2021 var farið í heimsókn til aðila sem flytja inn rafhlöður, rafgeyma og/ eða raf- og rafeindatæki og höfðu ekki fengið eftirlitsheimsókn áður.

Upplýsingar um innflytjendur voru fengnar frá tollakerfi Skattsins. Árið 2021 var fjöldi innflytjenda raf- og rafeindatækja um 4.700 og innflytjenda rafhlaðna og rafgeyma um 1.090.

Eftirlitið hófst í júlí og lauk í október. Eftirlitið fór þannig fram að eftirlitsmaður Umhverfisstofnunar fór í oftast ótilkynnta heimsókn til áður skilgreindra fyrirtækja (sjá mynd 1). Í nokkrum tilfellum var farið til heilsala og framleiðenda þá var heimsóknin tilkynnt, svo tími gæfist til að finna til raf- og rafeindatæki og rafhlöður/rafgeyma í vörugeymslum. Við eftirlitið fyllti eftirlitsaðili út gátlista og skoðaði vörur sem valdar voru af handahófi, sem og merkingar og upplýsingar með vörunum og hvort móttaka væri á notuðum rafhlöðum og rafgeymum (sjá viðauka 1-2).

Upplýsingar, athugasemdir og frávík voru skráð og unnið úr þeim í kjölfar heimsóknarinnar. Niðurstaða eftirlits, sem fólst í eftirlitsskýrslu og fylgibréfi með henni, var send eftirlitsþega (sjá viðauka 3).



Mynd 1. Ferill eftirlits með rafhlöðum og rafgeymum, raf- og rafeindatækjaúrgangi.

3. Niðurstöður eftirlits

Í eftirliti ársins 2021 var farið í heimsókn til 36 aðila sem flytja inn rafhlöður, rafgeyma og/ eða raf- og rafeindatæki og höfðu ekki fengið eftirlitsheimsókn áður (tafla 1). Eftirlitið fór eingöngu fram á höfuðborgarsvæðinu. Stór hluti þessara innflytjenda flytja inn bæði raf- og rafeindatæki og rafhlöður/ rafgeyma, en í niðurstöðum eru þessir flokkar aðgreindir enda um tvær reglugerðir að ræða.

Eftirlit vegna reglugerðar nr. 1061/2018 um raf- og rafeindatækjaúrgang

Eftirlit var framkvæmt hjá 22 aðila sem flytja inn eða framleiða raf- og rafeindatæki. Af þeim voru tveir aðilar sem framleiða raf- eða rafeindatæki, sem höfðu ekki verið heimsóttir áður. Alls voru 110 raf- og rafeindatæki skoðuð.

Eftirlit vegna reglugerðar nr. 1020/2011 um um rafhlöður og rafgeyma

Eftirlit var framkvæmt hjá 14 aðilum sem flytja inn, selja og dreifa rafhlöðum og rafgeymum á höfuðborgarsvæðinu. Alls voru 51 vara af rafhlöðum og rafgeymum skoðuð.


Í eftirliti undanfarinna ára hefur algengasta frávikið verið að upplýsingar vantar á vegg/ afgreiðsluborð/ netsíðu fyrirtækis um söfnun og skil á úr sér gegnum rafhlöðum/ rafgeymum og raf- og rafeindatækjum. Á undanförunum tveimur árum hefur Umhverfisstofnun dreift spjöldum með þessum upplýsingum til eftirlitsþega í tengslum við eftirlit. Upplýsingarnar og spjöldin má jafnframt nálgast á heimasíðu Umhverfisstofnunar (sjá viðauka 4).

Tafla 1: Eftirlitsþegar ársins 2021.

Raf- og rafeindatæki	Rafhlöður og rafgeymar
AB varahlutir ehf	AB varahlutir ehf
Computer.is (Tæknibær ehf)	Computer.is (Tæknibær ehf)
Controlant hf	ILVA ehf
Fagkaup ehf (Jóhann Rönnung)	Inter ehf
Halldór Jónsson ehf	Ísmar ehf
ILVA ehf	MAX1 (Brimborg ehf)
Inter ehf	Motormax ehf
Íshúsið ehf	N1 ehf
Ísmar ehf	Olíuverzlun Íslands ehf
Jóhann Ólafsson & Co ehf	Ó.Johnson & Kaaber ehf
Kemi ehf	Rafgeymasalan ehf
Mii ehf	Smurstöðin Garðabæ ehf
Motormax ehf	Stilling hf
N1 ehf	Tónastöðin ehf
Nova hf	
Olíuverzlun Íslands ehf	
Ó.Johnson & Kaaber ehf	
Rafgeymasalan ehf	
Rafhitun ehf	
Stilling hf	
Tónastöðin ehf	
Trésmiðja GKS ehf	

Alls var 161 vara skoðuð undir báðum flokkum og voru gerðar athugasemdir í fjórtán tilvikum alls. Einn aðili þurfti að gera úrbætur hjá sér varðandi móttöku á notuðum rafgeymum og sami aðili var hluti af átta rekstraraðilum sem þurfu að gera úrbætur þar sem yfirstrikaða tunnummerkið vantaði. Alls voru á ellefu vörutegundir þar sem yfirstrikaða tunnummerkið vantaði. Í tveimur af þessum tilfellum vantaði einnig upplýsingar um efnainnihald rafgeyma. Rafgeymarnir, sem voru frá sama framleiðenda, voru teknir af markaði. Oftast voru vöurnar teknar af markaði, en í þremur tilfellum voru vöurnar endurmerktar.

Þróun í fjölda vöruskoðana og frávika við eftirlit áráanna 2015- 2021, má sjá á mynd 2. Árið 2018 er ekki samburðarhæft, því þá voru aðrar áherslur í eftirliti. Fjöldi vara sem hefur verið skoðaður í eftirliti er nokkuð breytilegur og áhrifaþættir á síðasta ári voru líklega minna vöruframboð hjá rekstraraðilum í úrtaki ársins, t.d. hjá þeim sem einkum selja rafgeyma, sem og möguleg áhrif COVID faraldursins á vöruframboð. Eins og sjá má hefur verulega dregið úr frávikum frá því eftirlitið hófst. Á fyrstu árunum voru frávik í um og yfir 50% tilvika, síðan koma ár þar sem frávik eru í þriðjungi til fjórðungi tilfella og á síðstu tveimur árum eru frávik komin niður í 5 - 9% tilvika.




Mynd 2. Fjöldi frávika eftir árum af vörum sem skoðaðar voru í eftirliti með rafhlöðum, rafgeymum og raf- og rafeindatækjaúrgangi.

Á síðasta eftirlitsári kom aldrei til þess að senda þurfti eftirlitsþega bréf um áform um áminningu vegna frávíks. Aftur á móti var eitt bréf um áform um áminningu sent til eftirlitsþega árið 2020. Því máli lauk ekki fyrir gerð ársskýrslu þess árs. Eftirlitsþegi tók vanmerka vöru af markaði, en fylgdi þó málinu eftir og sendi stjórnslukæru til Úrskuraðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Niðurstaða nefndarinnar lá fyrir í júní 2021. Málinu var vísað frá, því það var mat nefndarinnar að bréfi Umhverfisstofnunar um áform um áminningu yrði ekki jafnaði við eiginlega stjórnvaldsákvörðun. Slík áform væru einungis skref í átt að beitingu frekari úrræða, sem eftir atvikum eru kæránleg til úrskurðarnefndarinnar. Kærumáli þessu var því vísað frá úrskurðarnefndinni, enda hafi ekki verið tekin eiginleg stjórnvaldsákvörðun í málinu.

4. Söfnunarátak og fræðsla

Á árinu 2019 var lagður grunnur að söfnunarátaki um skil á rafhlöðum og raf- og rafeindatækjaúrgangi. Ástæðan fyrir áttakinu var að söfnunarhlutfallið á raf- og rafeindatækjaúrgangi hefur verið verulega undir lágmarkssöfnunarhlutfalli, sem skal vera 65% frá árinu 2019. Söfnunarhlutfallið fyrir raf- og rafeindatækjaúrgang hefur einungis verið um og undir 40% á undanförunum árum (mynd 3A). Söfnun rafhlaðna var líka einungis um 40% árið 2020 (mynd 3B). Gögnin sem eru úr tölfræði Umhverfisstofnunar yfir úrgang á Íslandi, sýna þó að markmið ársins 2020 um 65% söfnunarhlutfall fyrir rafhlöður og rafgeyma samtals, náðist árið 2018, en söfnunarhlutfallinu hefur reyndar verið haldið uppi af söfnun blýsýrurafgeyma.

Umhverfisstofnun og Úrvinnslusjóður unnu saman að söfnunarátakinu í þeim tilgangi að auka skil á úr sér gengnum raf- og rafeindatækjum, rafhlöðum og ljósaperum til endurvinnslu eða endurnýtingar.



Mynd 3. Heildarsöfnun á Íslandi á A) Raf- og rafeindatækjaúrgangi og B) Rafhlöðu og rafgeymaúrgangi.

Þátttakendur voru fjögur sveitarfélög og ein til tvær verslanir í hverju sveitarfélagi, sem voru Fljótsdalshérað, Grindavíkurbær, Kópavogsbær og Vestmannaeyjabær. Sveitarfélögin voru valin út frá lágu söfnunarhlutfalli en einnig með það í huga að hafa helstu stórmarkaði og matvöruverslanir með í verkefninu (sjá töflu 1, úrgangshafi). Þjónustuaðili var Íslenska gámafélagið, nema Kubbur ehf í Vestmannaeyjum. Í versluninum var settur upp söfnunarkassi þar sem almenningur gat skilað inn rafhlöðum, litlum raftækjum, ljósaperum og flúrperum (mynd 4).

Framkvæmd verkefnisins var þannig að fundað var með þátttakendum (fulltrúum sveitarfélaga og þjónustuaðila á hverjum stað) í upphafi verkefnisins, sem var í lok ársins 2019. Síðan var haft samband allar verslanirnar í júní 2020, til þess að fylgja eftir framgangi og markmiðum verkefnisins.

Vakin var athygli á verkefninu meðal almennings í þátttökusveitarfélögunum og víðar, með því að auglýsa söfnunina í janúar 2020 og svo aftur í ágúst 2020. Verkefnið var kynnt í Fréttablaðinu þann 9. janúar 2020 og í Bændablaðinu þann 14. febrúar sama ár. Einnig var auglýst í staðarblöðum þátttökusveitarfélaganna og einblöðungum dreift í hús. Loks var verkefnið kynnt víða á samfélagsmiðlum.



Mynd 4. Söfnunarkassi sem hannaður var fyrir söfnunaráttak Umhverfisstofnunar og Úrvinnslusjóðs um skil á rafhlöðum og raf- og rafeindatækjaúrgangi.

Samantekt á niðurstöðum söfnunarinnar má sjá í töflu 2. Árleg söfnun í hvern söfnunarkassa á litlum raftækjum var á bilinu 3 – 20 kg og á ljósaperum 0 – 8 kg. Árleg söfnun á rafhlöðum var mun meiri eða á bilinu 15 til 231 kg í hvern kassa.

Við samanburð á söfnun eftir þáttökusveitarfélögum, þá skar Fljótsdalshérað sig frá öðrum sveitarfélögum þar sem söfnunartölur náðu eingöngu yfir árið 2020. Í Grindavík var auk þess eingöngu safnað í einni verslun, en tvær verslanirnar voru hjá hinum sveitarfélögum.

Nauðsynlegt er að taka talnasamanburði með fyrirvara og kemur þar margt til. Þar má nefna að vegna ýmissa aðstæðna stóð söfnunin yfir í mislangan tíma hjá mismunandi úrgangshöfum, treglega gekk að fá tölur um söfnun frá hirðuaðilum og mögulega tókst ekki fyllilega að tryggja flokkun og aðskilnað frá annari söfnun bæjarfélaganna á þessum úrgangi.

Söfnunartölur eru helst samanburðarhæfar árið 2020. Árið 2020 söfnuðust samtals 27 kg hjá Fljótsdalshéraði og 39 kg í Grindavík. Alls voru tölurnar voru í kringum 140 kg í Vestmannaeyjum og í Kópavogi, en þar var söfnunin um 32 kg í pósthúsi 201 og 117 kg í pósthúsi 203.

Árið 2020 skilaði söfnunarátakið alls 26 kg af ljósaperum, 49 kg af litlum raftækjum og 278 kg af rafhlöðum. Söfnunarátakið skilaði því í heild 895 kg af úrgangi úr þessum úrgangsflokkum árið 2020.

Tafla 2: Niðurstöður söfnunarátaks á rafhlöðum, litlum raftækjum og ljósaperum í nokkrum verslunum árin 2019 til 2021.

Gerð úrgangs	Póstnr.	Verslun/ úrgangshafi	Söfnun (kg) í söfnunaráttakinu			
			2019	2020	2021	
Ljósaperur	201	Krónan Lindum			1	
Lítill raftæki	201	Krónan Lindum		5		
Rafhlöður	201	Krónan Lindum		27	39	
Ljósaperur	203	Nettó Búðakór	3	8	6	
Lítill raftæki	203	Nettó Búðakór		17		
Rafhlöður	203	Nettó Búðakór		92	84	
Ljósaperur	240	Nettó Grindavík		6		
Lítill raftæki	240	Nettó Grindavík		3		
Rafhlöður	240	Nettó Grindavík	231	30	173	
Ljósaperur	700	Bónus og Krónan Fljótsdalshéraði		8		
Lítill raftæki	700	Bónus og Krónan Fljótsdalshéraði		4		
Rafhlöður	700	Bónus og Krónan Fljótsdalshéraði		15		
Ljósaperur	900	Bónus og Krónan Vestmannaeyjum		4	5	
Lítill raftæki	900	Bónus og Krónan Vestmannaeyjum		20	14	
Rafhlöður	900	Bónus og Krónan Vestmannaeyjum		114	168	
			Alls	234	353	308

Árangur verkefnisins var lítill ef tölur eru bornar saman við heildarsöfnun sveitarfélaganna á hvern íbúa í viðkomandi póstnúmerum samkvæmt gögnum frá Úrvinnslusjóði. Söfnun á íbúa á þessum úrgangsflokkum árið 2020 var 5,5 kg alls á íbúa, sem jafngildir um 162 þúsund kg alls í umræddum póstnúmerum. Heildarsöfnun í kassana var því aðeins rúmlega 0,2% af heildarsöfnun ársins 2020 í þessum póstnúmerum.

Þrátt fyrir lágt hlutfall samanborið við heildarsöfnun, nýttist verkefnið til að kynna fyrir almenningi kröfur varðandi sérsöfnun á rafhlöðum og raf- og rafeindatækjaúrgangi. Jafnframt má nýta niðurstöður til þess að greina betur frekari leiðir til að koma skilaboðunum til neytenda. Verslunardeðjan Krónan hefur ennfremur tekið skrefið lengra og látið setja upp söfnunarkassa fyrir rafhlöður í stærri verslunum sínum.

5. Ályktanir

Ein af þeim kröfum sem framleiðendur og innflytjendur þurfa að uppfylla er að upplýsa kaupendur um flokkun, skil, merkingar, meðhöndlun og áhrif hættulegra efna í rafhlöðum/ -geymum og í raf- og rafeindatækjaúrgangi á umhverfið og heilsu manna og dýra. Oft eru þessar upplýsingar í fylgiskjölum með vörum, en vantar helst með vörum í litlum pakkningum. Til að aðstoða framleiðendur og innflytjendur við að uppfylla þessa kröfur hefur Umhverfisstofnun látið útbúa upplýsingaspjöld sem eru á heimasíðu stofnunarinnar og eftirlitmenn dreifa til eftirlitsþega í tengslum við eftirlit.

Á síðastliðnu eftirlitsári greindust frávik hjá átta eftirlitsþegum og af 161 skoðuðum vörum, reyndust ellefu vera án tunnummerkisins. Einn af þessum átta eftirlitsþegum var ekki með móttöku á notuðum rafhlöðum/ rafgeymum og í tveimur tilvikum vantaði upplýsingar um efnainnihald rafgeyma. Öll frávik voru leyst án þess að til þvingunarúrræða kæmi.

Frávikum í eftirliti hefur fækkað verulega undanförunum árum og frá árinu 2015 fækkaði frávikum úr 64% tilvika í 9% árið 2021. Flest frávikin vörðuðu merkingar á yfirstrikuðu tunnummerkinu á vörum og upplýsingar til kaupenda. Þessi þróun bendir til þess að framleiðendur og innflytjendur hafi á undanförunum sex árum verulega bætt úr merkingum á raf- og rafeindatækjum og rafhlöðum/ -geymum, móttöku á notuðum rafhlöðum og rafgeymum og upplýsingum varðandi flokkun og skil. Því má draga það ályktun að verulegur ávinningur hafi verið af virku eftirliti stofnunarinnar á síðustu árum.

Varðandi söfnunaráttak og fræðslu í þessum málaflokki, þá virðist áttak til sérsöfnunar á rafhlöðum og raf- og rafeindatækjaúrgangi í nokkrum verslunum skila litlum árangri, ef borið er saman við heildarsöfnun sveitarfélaga. Verkefnið gæti þó nýst til þess að greina betur hvernig hægt er að koma skilaboðunum til neytenda, því mikilvægur ávinningur af svona verkefni er ekki síður vitundarvakning, aukin umræða og hugarfarsbreyting sem leiðir til minnkunar á raftækjum og rafhlöðum í blönduðum úrgangi.

6. Heimildir

Lög um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003.

Reglugerð nr. 1020/2011 um rafhlöður og rafgeyma.

Reglugerð nr. 1061/2018 um raf- og rafeindatækjaúrgang.

Umhverfisstofnun. Miðlun um söfnun og skil á úr sér gegnum rafhlöðum/ rafgeymum.
<https://ust.is/atvinnulif/eftirlit/rafhlodur-og-rafgeymar/midlun/>

Umhverfisstofnun. Miðlun um söfnun og skil á úr sér gegnum og raf- og rafeindatækjum.
<https://ust.is/atvinnulif/eftirlit/raf-og-rafeindataeki/midlun/>

Umhverfisstofnun. Tölfræði. Söfnun. <https://ust.is/graent-samfelag/urgangsmal/umhverfisvisar-og-tolfraedi/tolfraedi/>

Viðauki 1

Eftirlit hjá framleiðendum og innflytjendum **RAFHLAÐNA OG RAFGEYMA**

Fyrirtæki:

Dagsetning eftirlits:

Tekur fyrirtækið á móti rafhlöðum/rafgeymum? _____

Upplýsingaskylda til kaupanda: Hvar er heimilt að skila notuðum RR?

- RR mega ekki fara með öðrum úrgangi
- RR er hægt að skila án gjalds
- RR eru í samræmi við lágmarkskröfur (Cd, Hg og Pb)
- Áhrif RR á heilsu manna og umhverfi

<p>Vörunúmer: Vörunúmer: Tegund:</p> <p>Tunnummerki Vara___ Umbúðir ___ Umhverfisvottað Já ___ Nei ___ Efnainnih. Cd < 0.002% mvþ. Já ___ Nei ___ Efnainnih. kvikasilfurs < 0.0005% mvþ. Já ___ Nei ___</p> <p>Annað:</p>	<p>Vörunúmer: Vörunúmer: Tegund:</p> <p>Tunnummerki Vara___ Umbúðir ___ Umhverfisvottað Já ___ Nei ___ Efnainnih. Cd < 0.002% mvþ. Já ___ Nei ___ Efnainnih. kvikasilfurs < 0.0005% mvþ. Já ___ Nei ___</p> <p>Annað:</p>
<p>Vörunúmer: Vörunúmer: Tegund:</p> <p>Tunnummerki Vara___ Umbúðir ___ Umhverfisvottað Já ___ Nei ___ Efnainnih. Cd < 0.002% mvþ. Já ___ Nei ___ Efnainnih. kvikasilfurs < 0.0005% mvþ. Já ___ Nei ___</p> <p>Annað:</p>	<p>Vörunúmer: Vörunúmer: Tegund:</p> <p>Tunnummerki Vara___ Umbúðir ___ Umhverfisvottað Já ___ Nei ___ Efnainnih. Cd < 0.002% mvþ. Já ___ Nei ___ Efnainnih. kvikasilfurs < 0.0005% mvþ. Já ___ Nei ___</p> <p>Annað:</p>

Viðauki 2

Eftirlit hjá framleiðendum og innflytjendum **RAF- OG RAFEINDATÆKJA**

Fyrirtæki:

Dagsetning eftirlits:

Er fyrirtækið með upplýsingar á vegg/afgreiðsluborði eða öðrum stöðum um förgun á raf- og rafeindatækjum?

Upplýsingaskylda til kaupanda:

- Hvar er heimilt að skila notuðum WEEE?
- WEEE mega ekki fara með öðrum úrgangi
- WEEE er hægt að skila án gjalds

Vörunúmer: Vörunúmer: Tegund: Tunúmeri Vara___ Umbúðir___ Bæklingur___ Upplýsingar í bæklingi Já ___ Nei___ Ekki til ___ Annað:	Vörunúmer: Vörunúmer: Tegund: Tunúmeri Vara___ Umbúðir___ Bæklingur___ Upplýsingar í bæklingi Já ___ Nei___ Ekki til ___ Annað:
Vörunúmer: Vörunúmer: Tegund: Tunúmeri Vara___ Umbúðir___ Bæklingur___ Upplýsingar í bæklingi Já ___ Nei___ Ekki til ___ Annað:	Vörunúmer: Vörunúmer: Tegund: Tunúmeri Vara___ Umbúðir___ Bæklingur___ Upplýsingar í bæklingi Já ___ Nei___ Ekki til ___ Annað:
Vörunúmer: Vörunúmer: Tegund: Tunúmeri Vara___ Umbúðir___ Bæklingur___ Upplýsingar í bæklingi Já ___ Nei___ Ekki til ___ Annað:	Vörunúmer: Vörunúmer: Tegund: Tunúmeri Vara___ Umbúðir___ Bæklingur___ Upplýsingar í bæklingi Já ___ Nei___ Ekki til ___ Annað:

Viðauki 3

EFTIRLITSSKÝRSLA

EFTIRLIT MEÐ RAFHLÖÐUM, RAFGEYMUM OG RAF- OG RAFEINDATÆKJAÚRGANGI

Dagsetning eftirlits
Fyrirtæki
Heimilisfang
Kennitala
Rafræn skýrsla send á

Starfsemi Innflytjandi og sölu- og dreifingaraðili
Fulltrúi UST
Tegund eftirlits Úrgangseftirlit
Fulltrúi fyrirtækis

UMFANG EFTIRLITS

Þann nóvember sl. fór fram eftirlit á vegum Umhverfisstofnunar hjá versluninni Í eftirlitinu voru skoðaðar nokkrar gerðir af raf- og rafeindatækjum og rafhlöðum og rafgeymum og hvort vörurnar bæru réttar merkingar og upplýsingar til notenda sbr. reglugerð nr. 1061/2018 um raf- og rafeindatækjaúrgang og reglugerð nr. 1020/2011 um rafhlöður og rafgeyma. Einnig var skoðað hvort verslunin tæki á móti notuðum rafhlöðum og rafgeymum.

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Skráningarkerfi: Er fyrirtækið skráð í skráningarkerfi framleiðenda og innflytjenda?

Móttaka á notuðum rafhlöðum og rafgeymum: Tekur fyrirtækið á móti notuðum rafhlöðum og rafgeymum frá viðskiptavinum sínum.

Eftirfarandi vörur voru skoðaðar:

- Rafhlöður
- Rafgeymar
- Raf- og rafeindatæki

Tunnumerki: Vörurnar eiga að vera sérstaklega merktar með tunnumerkinu (yfirstrikuð sorptunna) samkvæmt reglugerðum.

Frávik: Frávik eru tilgreind hér.

Frávik frá: 3. mgr. 4. gr. í reglugerð nr. 1061/2018 um raf- og rafeindatækjaúrgang og 11. gr. í reglugerð nr. 1020/2011 um rafhlöður og rafgeyma.

Innihald kadmíum og kvikasilfurs: Ef athugasemdir þá tilgreint hér.

Innihald kadmíum og kvikasilfurs: Það á að vera skýrt hvort rafhlöður og rafgeymar innihaldi kadmíum og kvikasilfur.

Athugasemd: Athugasemdir tilgreindar hér. Ekki komi fram hvort vörurnar innihalda þessi efni eða hversu mikið. Umhverfisstofnun óskar upplýsinga um magn þessara efna í vörunum.

Athugasemd við 5. gr. reglugerðar nr. 1020/2011.

Upplýsingagjöf: Upplýsingagjöf til kaupenda þarf að uppfylla báðar reglugerðir.

Frávik: Frávik eru tilgreind hér. Upplýsingar vanti um hvar heimilt er að skila notuðum rafhlöðum, rafgeymum og raf- og rafeindatækjaúrgangi, að tækin megi ekki fara með almennum úrgangi, að rafhlöðum og rafgeymum sé hægt að skila til sölu- og dreifingaraðila eftir notkun án greiðslu og að ábyrgst sé að úrgangurinn verði meðhöndlaður í samræmi við gildandi reglur. Einnig vanti upplýsingar um áhrif rafhlaða og rafgeyma á heilsu manna og umhverfi.

Frávik frá 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 1020/2011 um rafhlöður og rafgeyma og 4. gr. reglugerðar nr. 1061/2018 um raf- og rafeindatækjaúrgang.

Umhverfisstofnun gerir ekki frekari athugasemdir.

Reykjavík, dagsetning
Undirskrift eftirlitsmanns

Viðauki 4

Dæmi um upplýsingaspjald um söfnun og skil á úr sér gegnum rafhlöðum/
rafgeymum og raf- og rafeindatækjum.

Framhaldslíf með endurvinnslu



**Rafhlöður og rafgeymar
eru spilliefni og þeim máttu skila hingað
en raftækjum til endurvinnslufyrirtækja**

Með því að flokka og skila raftækjum, rafhlöðum og rafgeymum til endurvinnslu drögum við úr ofnýtingu auðlinda. Mörg tækjanna geta innihaldið spilliefni sem meðhöndla þarf með viðeigandi hætti auk fágætra málma sem nýst geta aftur.